



Akraneskaupstaður

Mál Akraneskaupstaðar 2303125

Mál HMS/Tilvísun:

Akranesi 9. maí 2023

**Yfirlýsing Akraneskaupstaðar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vegna
umsóknar Brynju leigufélags ses., kt. 420369-6979 um stofnframlag á
grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.**

Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, til heimilis að Stillholti 16, 300 Akranesi, staðfestir að hafa móttekið umsókn frá Brynju leigufélaginu ses., kt. 420369-6979, til heimilis að Hátúni 10c, 105 Reykjavík, vegna fyrirhugaðra kaupa félagins á íbúðum á Akranes á árinu 2023 til afnota fyrir skjólstæðinga Akraneskaupstaðar.

Umsóknin fór til umfjöllun í velferðar- og mannréttindaráði og í bæjarráði og var umsóknin (vegna tveggja íbúða) samþykkt á fundi bæjarráðs þann 13. apríl sl. sbr. meðfylgjandi fundargerð.

Samþykkt sveitarfélagsins var gerð með fyrirvara um samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um úthlutun stofnframlangs til verkefnisins og gert ráð fyrir endurgreiðslu stofnframlangsins þegar þau lán sem tekin verða til að standa undir fjármögnun íbúðanna verða endurgreidd

Umsókn um stofnframlag sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Heildarfjármögnun	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarstofnvirði		kr. 95.800.000
Stofnframlag ríkis (18%)	18%	kr. 17.244.000
Viðbótarframlag ríkis (4%)	4%	kr. 3.832.000
Sérstakt byggðarframlag vegna skorts á íbúðum		
Stofnframlag sveitarfélags (12%)	12%	kr. 11.496.000
Viðbótarframlag sveitarfélags (4%)	4%	kr. 0
Stofnframlag samtals		kr. 32.572.000
Lánsfjármögnun / langtímalán (lánsþörf)		kr. 63.228.000
Fjárvöntun / afgangur		
Ríkið samtals		kr. 21.076.000



SA



Akraneskaupstaður

Sveitarfélagið - samtals		kr. 11.496.000
Samtals stofnframlag (ríki + sveitarfélag)		kr. 32.572.000

Sundurliðun á stofnframlagi sveitarfélags:

Stofnframlag sveitarfélagsins		kr. 11.496.000
Gatnagerðar- og þjónustugjöld		kr. 0
Framlag úr sjóði		kr. 11.496.000

Gert er ráð fyrir að erindið verði tekið fyrir að nýju í velferðar- og mannréttindaráði, bæjarráði og bæjarstjórn er formleg afgreiðsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar liggur fyrir.

Áréttáð skal að framlagið nú er vegna **tveggja íbúða**, þó umsókn félagsins hafi til verið um framlag vegna **fjögurra íbúða**.

Jafnframt hefur Akraneskaupstaður lýst yfir vilja til að veita samsvarandi fjárstuðning vegna kaupa á tveimur íbúðum á árinu 2024 en endanleg ákvörðun um þann þátt ræðst af formlegri afgreiðslu fjárhagsáætlunar í desember nk.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

f.h. Akraneskaupstaðar



Steinar Adolfsson

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Fylgigögn:

1. Fundargerð bæjarráðs 13. apríl 2023, sjá dagskrálið nr. 6.



**3530. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 13. apríl 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Steinar Dagur Adolfsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Steinar Dagur Adolfsson, bæjarstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2303014 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2023

860. mál til umsagnar frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis um aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024-2028.

821. mál, frumvarp til laga um Orkuveitu Reykjavíkur (starfsemi OR og dótturfélaga).

914. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040.

915. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040.

Lagt fram.

Vegna máls nr. 821, tekur bæjarráð fram að Akraneskaupstaður, sem er eigandi á 5,528% hlut í fyrirtækinu, er fylgjandi þeiri breytingu sem lögð er til á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur.

Samþykkt 3:0

2. 2303008 - Skógarhverfi 5 og 3A - úthlutun mars 2023

Tilboð voru opnuð þann 11. apríl sl.

SPH situr fundinn undir þessum lið sem og undir dagskráliðum nr. 3 og nr. 4.

Samkvæmt fundargerð dags. 11. apríl sl., vegna opnunar tilboða, barst eitt tilboð vegna raðhússins en ekkert tilboð í þau þrjú fjölbýlishús sem einnig voru boðin út. Bjóðandi var Verksstjórn ehf. og tilboðsfjárhæð var kr. 63.840.000.

Bæjarráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissvið frekari úrvinnslu málsins, yfirfara fram komið tilboð og kanna að það fullnægi útboðsskilmálum.

Að fullnæggðum skilyrðum verði gengið til samninga við bjóðanda en að öðrum kosti komi málið að nýju til bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð áréttar að fjölbýlishúsalóðirnar fara nú, í samræmi við reglur, á listann yfir lausar lóðir og eru þar til úthlutunar samkvæmt fyrilliggjandi útboðsskilmálum.

Samþykkt 3:0

3. 2112034 - Hausthúsatorg - bensínstöð N1

Fulltrúar Akraneskaupstaðar og Festi hf. hafa átt í viðræðum undanfarið og leitað sameiginlegrar lausnar varðandi ósk félagsins um viðbótarfrest á lóðaskiptum til maí 2026.

Á fundi bæjarráðs þann 30. mars sl. fóli bæjarráð Sigurði Páli Harðarsyni sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs, frekari úrvinnslu málsins.

Bæjarráð felur sviðsstjórum skipulags- og umhverfisráðs og fjármála- og þjónustusviðs að halda áfram vinnu við samningagerð við fulltrúa Festis hf. i samræmi við fyrirliggjandi markmið um sameiginlega lausn.

Samþykkt 3:0

4. 2208072 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2023 - 2026

Yfirferð um samþykktu fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun og hvort tilefni sé til endurskoðunar með tilliti til horfa í efnahagsmálum.

Kristjana Helga Ólafsdóttir og Sigurður Páll Harðarson sitja fundinn undir þessum dagskrálið.

Bæjarráð telur rétt að unnar verði frekari sviðssmyndagreiningar og tillögur um aðgerðaráætlun og felur sviðsstjóra fjármála- og þjónustusviðs frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga og Sigurður Páll, víkja af fundi.

5. 2302096 - Frístundamiðstöð golfskáli við Garðavöll

Úrvinnsla vegna samninga Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins Leynis um Frístundamiðstöðina við Garðavöll.

Bæjarráð fjallaði um samnninginn og erindi sem hafa borist vegna samningsins á fundi sínum þann 30. mars sl. Fyrirhugað er að taka málið fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins þann 13. apríl.

Dagný Hauksdóttir situr fundinn undir þessum dagskrálið.

Bæjarráð felur hlutaðeigandi sviðsstjórum frekari úrvinnsla málsins.

Samþykkt 3:0

Dagný víkur af fundi.

6. 2303125 - Brynja leigufélag ses. - beiðni um stofnframlag vegna fjögurra íbúða 2023- 2024

Brynja leigufélag ses. sendi erindi dags. 1. mars sl. þar sem óskað er eftir stofnframlagi vegna uppbyggingar fjögurra íbúða á árunum 2023 og 2024.

Stofnvirði fjögurra íbúða er um 200 m. kr. og hlutur Akraneskaupstaðar væri því 24 m. kr.

SN
U
SA
36

Þann 22.03.2022 samþykkti bæjarstjórn Akraness stofnframlag að fjárhæð 23,4 m.kr. á árunum 2022 og 2023 til Brynju leigufélags ses. vegna fyrirhugaðra kaupa félagsins á húsnæði á Akranesi sem yrði til afnota fyrir skjólstæðinga Akraneskaupstaðar, með fyrirvara um samþykki HMS á stofnframlagi ríkisins.

Er þá í raun um tvö stofnframlög að ræða, umfram fyrirliggjandi samþykkt bæjarstjórnar frá 22.03.2022, en samþykkt var á þeim tíma að veita stofnframlag að fjárhæð 23,4 m.kr.

Bókun ráðsins 21.03.23: Velferðar- og mannréttindaráð mælir með samþykkt allt að fjögurra stofnframlaga til Brynju leigufélags á árinu 2023. Velferðar- og mannréttindaráð leggur einnig til að horft verði til þess að Brynja leigufélag fái tvö stofnframlög á ári, frá og með 2024-2026. Málinu er vísað til frekari afgreiðslu hjá bæjarráði.

Afgreiðslu málsins var frestað á síðasta fundi bæjarráðs þann 30. mars sl.

Bæjarráð samþykkir að veita stofnframlag að fjárhæð samtals 12 m.kr. vegna fyrirhugaðra kaupa Brynju leigufélags ses. á tveimur íbúðum á árinu 2023. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna þessa rúmist innan fyrirliggjandi fjárhagsáætlunar en þar er m.a. gert ráð fyrir verkefnum af þessum toga.

Framlagið er veitt með fyrirvara um endanlega samþykkt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á stofnframlagsumsókn Brynju leigufélags hses.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð lýsir yfir vilja til að veita samsvarandi fjárframlag til Brynju leigufélags ses. á árinu 2024 en endanleg ákvörðun um það verður tekin í komandi fjárhagsáætlunargerð.

Samþykkt 3:0

7. 2303217 - Brú hses - Stofnframlag vegna sex íbúða kjarna 2023

Stofnframlagsumsókn í nafni leigufélags Brúar hses. vegna uppbyggings á sex íbúðakjarna við Tjarnarskóga 15.

Afgreiðslu málsins var frestað á síðasta fundi bæjarráðs þann 30. mars sl.

Bæjarráð samþykkir að farið verði í samstarf við Leigufélagið Brú hses. og lögð verði fram umsókn um stofnframlag í komandi umsóknarferli hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) en umsóknarfrestur rennur út þann 17. apríl nk.

Gert er ráð fyrir verkefni af þessu tagi í fyrirliggjandi fjárhagsáætlun en vilyrði Akraneskaupstaðar nú er veitt með fyrirvara um samþykki HMS á úthlutun stofnframlags.

Akraneskaupstaður hefur tekið frá byggingarlóðina við Tjarnarskóga 15 í þessu skyni og er henni því úthlutað til Leigufélagsins Brúar hses.

Gert er ráð fyrir að fullbúin umsóknargögn verði lögð fyrir bæjarráð svo fíjótt sem þau liggja fyrir í endanlegu formi.

Samþykkt 3:0

JN

U

37 *SA*

8. 2210165 - Ljósleiðarinn - hlutafjáraukning

Á hluthafafundi Ljósleiðarans þann 24. október 2022 var samþykkt tilaga um hlutafjáraukningu með fyrirvara um samþykki eigenda OR.

Með erindi dags. 24. október er farið þess á leið við eigendur OR að þeir staðfesti samþykkt hluthafafundarins.

*Umræður um fyrilliggjandi beiðni Ljósleiðarans um hlutafjáraukningu.
Afgreiðslu málsins frestað.*

Samþykkt: 3:0

9. 2304026 - OR - aðalfundur 2023

Fundarboð vegna aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur sem haldinn verður miðvikudaginn 26. apríl 2023.

Fundarboð vegna aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur - eigna ohf sem haldinn verður miðvikudaginn 26. apríl 2023

Bæjarráð samþykkir að Steinar Adolfsson bæjarstjóri Akraneskaupstaðar sækji aðalfundinn og fari með atkvæðarétt kaupstaðarins á fundinum.

Samþykkt 3:0

Aukafundur bæjarráðs verður haldinn mánudaginn 24. apríl næstkomandi þar sem farið verður yfir ársreikning Akraneskaupstaðar vegna ársins 2022 en fyrr umræða í bæjarstjórn Akraness um ársreikninginn er fyrirhuguð þriðjudaginn 25. apríl nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:15.

*Lif Hárusdóttir
Ragnar Þorvaldsson
Valgaudur Þ. Þorfer
Steinar Adolfsen*



SK